

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 609/1999 um öryggisbúnað krana og lyftibúnaðar.

1. gr.

Við 9. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

4. Kranar sem reglur þessar gilda um skulu vera þannig búnir eða frá þeim gengið að óviðkomandi geti ekki gangsett þá.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, eru hér með staðfestar og öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. mars 2001.

Páll Pétursson.

Elín Blöndal.